



Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Fundargerð

38. fundur Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn miðvikudaginn 4. desember 2024, kl. 10:00, á Blönduósi.

Mætt til fundar: Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagraðs menningar og Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagraðs atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Einnig sátu fundinn starfsmenn SSNV, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Berglind Björnsdóttir. Guðlaugur Skúlason sat fundinn í fjarfundarbúnaði. Formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. **Bréf framkvæmdastjóra SSNV sent til formanns úthlutunarnefndar 20. nóvember 2024, svohljóðandi:**

„Í fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fyrir árið 2025, sem samþykkt var á haustþingi samtakanna þann 15. október 2024, er gert ráð fyrir að styrkir Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra á árinu 2025 verði:

<i>Til menningarmála</i>	<i>30.000.000 kr.</i>
<i>Til atvinnuþróunar og nýsköpunar</i>	<i>30.000.000 kr.</i>

Samtals eru því til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra í úthlutun með umsóknarfresti til 1. nóvember 2024:

<i>Til menningarmála</i>	<i>30.000.000 kr.</i>
<i>Til atvinnuþróunar og nýsköpunar</i>	<i>30.000.000 kr.</i>

Samtals til úthlutunar **60.000.000 kr.**

Óskað er eftir því að innihald þessa bréfs verði bókað í fundargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.

Komi til þess að ekki verði öllum fjármunum úthlutað mun stjórn SSNV taka ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva.“

2. **Vanhæfi nefndarmanna við afgreiðslu umsókna í Uppbyggingarsjóð.**

Hildur Þóra Magnúsdóttir, umsókn nr. 25050.

Elín Lilja Gunnarsdóttir, umsóknir nr. 25075 og 25090.

Ragnhildur Haraldsdóttir, umsóknir nr. 25067, 25113 og 25115.

3. Fundargerðir fagráðs menningar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.

4. Tillaga fagráðs menningar um styrki á sviði menningar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs menningar, frá 27. nóv. sl., um úthlutun styrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær.

Samþykkt að 11 umsóknir fái stofn- og rekstrarstyrk alls að upphæð 10.000.000 kr.

Samþykkt að 40 umsóknir fái verkefnastyrk alls að upphæð 20.000.000 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð MENN – úthlutun 2025“.

Heildarfjármagn byggir á fjárhagsáætlun SSNV sem samþykkt var á Haustþingi 15. október 2024.

5. Fundargerðir fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.

6. Tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar um styrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, frá 26. nóv. sl., um úthlutun styrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær. Samþykkt að 12 umsóknir fái styrk alls að upphæð 30.000.000 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð APN – úthlutun 2025“.

Heildarfjármagn byggir á fjárhagsáætlun SSNV sem samþykkt var á Haustþingi 15. október 2024.

7. Svarbréf til umsækjenda um styrk

Fyrir fundinum lágu drög að svarbréfum til umsækjenda. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

8. Úthlutunarreglur 2025 - umsögn

Á haustþingi SSNV hvers árs er ákveðið að úthluta ákveðnum fjármunum til Uppbyggingarsjóðs.

Úthlutunarnefnd telur mikilvægt að þeim fjármunum sem af ýmsum ástæðum er skilað vegna verkefna Uppbyggingarsjóðs sé endurúthlutað til álíka verkefna í næstu úthlutun, sérstaklega í ljósi fjölda umsókna sem ekki hljóta brautargengi vegna takmarkaðs fjármagns.

Úthlutunarnefnd leggur til við stjórn að takmarka úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja við 3-5 ár á hverja kennitölu. Nefndin leggur áherslu á að söfn og setur geti í framhaldinu sótt um sértæka verkefnastyrki fyrir framþróun í starfsemi sem aukið gæti aðsókn til lengri tíma og styrkt þannig rekstrargrundvöll sinn.

9. Könnun meðal umsækjenda – niðurstöður

Í heild voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar, almenn ánægja með úthlutunarferlið og þjónustu ráðgjafa SSNV.

10. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 12:24.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, fundarritari